




## Þróun grips




**1 - 1 1/2 árs**

### Þverhandargrip

Lit er haldið í lófa. Hreyfing kemur frá öxl og handleggur hreyfist sem ein heild.

Barnið teiknar punkta og krot.




**3 1/2 árs - 4 ára**

### Stirt fjögurra fingra grip

Barnið heldur á skriffæri í greip og gripið er ónákvæmt.

Hreyfing kemur frá úlnlið og höndin hreyfist sem ein heild.

Barnið teiknar vísi af hringjum og höfuðfætlur fara að sjást.



**1 1/2 árs - 3 ára**

### Útsnúið þvergrip

Barnið heldur með öllum fingrum um skriffærið. Hreyfing kemur frá olnboga og framhandleggur hreyfist sem ein heild.


Barnið æfir sig að teikna hringferla, lárétt og lóðrétt strik.

**4 1/2 árs - 6 ára**

### Stirt fjögurra fingra grip

Barnið heldur skriffæri milli þumals og vísifingurs, langatöng styður undir. Gripið er nálægt oddi og hreyfing er að mestu í fingrum.

Barnið teiknar kross og hringform eftir fyrirmyndum. Mannsmynd þróast.



Heimild: Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra (2006). *Skriffæri og skæri. Grip og beiting* [bæklingur]. Reykjavík: Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.